

Atvinnuveganefnd Alþingis

19. maí 2020

Efni: Umsögn Markaðsstofu Norðurlands - Frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, nr. 75/2011 (markmið og hlutverk).

Þann 6. mars síðastliðinn birti Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið frumvarp til breytinga á lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða.

Í umsögn Markaðsstofu Norðurlands (MN) þann 19. mars síðastliðinn kemur fram almenn ánægja með frumvarpið og þá sérstaklega að lögin stuðli að svæðisbundinni þróun sem sé byggð á skipulagi og áætlunum einstakra landshluta, s.s. áfangastaðaáætlunum.

Hins vegar gerir MN athugasemdir við þær áherslur sem settar eru um ferðamannaleiðir út frá lögum nr. 20/2016, og að ekki skuli vera litið til ferðamannaleiðar sem akvegur. Í fyrri umsögn MN var farið yfir mikilvægi þess að akvegir væru líka skilgreindir sem ferðamannaleiðir í lögum um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Í umfjöllun á frumvarpinu á althingi.is eru færð rök fyrir því að ekki skuli vera litið til ferðamannaleiðar sem akvegur, vegna þess að um akveg gildi vegalög nr. 80/2007. Auk þess m.a. að í 1. mgr. 2.gr. laga um samgönguáætlun, nr. 33/2008 sé metið og tekið tillit til þarfa ferðapjónustunnar í bættum samgöngum.

Er það mat MN að verði þetta frumvarp samþykkt, verði takmörkuð uppbygging við útskot/áningarstaði Vegagerðarinnar sem eru á vegumráðasvæði þeirra. Vegagerðin hefur svarað óskum og fyrirspurnum MN um útskot/áningarstaði þannig að ekki séu búin til ný útskot eða áningarstaðir meðfram vegi nema heildar endurbætur standi til á viðkomandi vegi, sem eru þá væntanlega á samgönguáætlun. Það þýðir að vegur sem nýlega hefur verið byggður upp geti ekki fengið nýtt útskot eða áningarstað. Auk þess hefur MN óskað eftir að fá að setja upplýsingaskilti á núverandi áningarstöðum, en þar sem ekki eru til reglur um slíkt hjá Vegagerðinni hefur ekki verið hægt að fá slíkt í gegn.

Óvissa er um hver fjármagnar þær framkvæmdir sem þarf að gera á vegumráðasvæði Vegagerðarinnar. Dæmi: Áningarstaður meðfram þjóðvegi sem er orðinn vinsæll áfangastaður til að stoppa á. Ef þar vantar klósett, gönguleið, skilti, útsýnispall eða annað slíkt, hver á að fjármagna slíkar framkvæmdir? Er það upplifun MN að Vegagerðin líti ekki á það sem þeirra hlutverk, þar sem hlutverk hennar sé fyrst og fremst að tryggja öryggi vegfarenda. Skv. þessu frumvarpi er það ekki heldur hlutverk Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða að fjármagna uppbyggingu á vegumráðasvæði Vegagerðarinnar. Þá er spurningin hverra er að fjármagna slíkar framkvæmdir?

Í dag heldur Markaðsstofa Norðurlands utan um tvær ferðamannaleiðir á Norðurlandi sem eru annars vegar Norðurstrandarleið og hins vegar Demantshringurinn. Í báðum tilfellum eru margir áningarstaðir sem mögulega þarf að byggja upp í framtíðinni og hefur MN áhyggjur af hvernig sú uppbygging geti átt sér stað.

Markaðsstofa Norðurlands er tilbúin að veita nánari upplýsingar ef eftir því er leitað.

Virðingarfyllt,



Arnheiður Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri